

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

6. nóvember 2020

Umsögn Samorku um fjárlög 2021, 1. mál

Með vísan í frá Fjárlaganefnd frá 2. október síðastliðnum, þá veita samtökin hér umsögn sína. Samorka fagnar þeim áherslum sem birtast í frumvarpinu um innviði, orkuskipti og loftslagsmál.

Átak í fráveitumálum

Það er fagnaðarefni að á ný er ríkið að styrkja fráveituframkvæmdir líkt og gert var á árunum 1995 – 2008 með góðum árangri. Fráveitumál eru eitt mikilvægasta umhverfismálið og snúa bæði að lýðheilsu og góðri umgengni um náttúruna. Í fjármálaáætlun 2021-2025 er gert ráð fyrir að 2,8 milljörðum verði varið til úrbóta í fráveitumálum á tímabilinu. Samantekt á stöðu fráveitumála sýnir að þörf er á uppbyggingu í þessum málaflokki svo tryggja megji að núgildandi kröfur um fullnægjandi meðferð skólps séu uppfylltar um land allt. Sveitarfélög bera ábyrgð á fráveitumálum en ljóst er að um afar kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða. Í júní 2020 var samþykkt breyting á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem felur í sér átak á þessu sviði í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Fram hafa komið frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hugmyndir um auknar kröfur til fráveitna samhliða þessu verkefni. Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga telja óráðlegt að herða kröfur á þessum tímapunkti og að ekki sé heldur ljóst að það myndi skila umhverfislegum ávinningi en kostnaður yrði hins vegar í einhverjum tilvikum óyfistíganlegur. Frekar ætti að stefna að því að öll sveitarfélög ljúki framkvæmdum til að uppfylla núgildandi reglugerð, áður en rætt er um að auka kröfur.

Aðgerðir í loftslagsmálum

Samorka fagnar áherslu stjórnvalda á loftslagsmálin og því að auknu fjármagni sé varið til loftslagsmála þar sem ætlað er að hraða orkuskiptum í samgöngum og haftengdri starfsemi, stuðla að nýsköpun og aukinni kolefnisbindingu með auknu umfangi uppgræðslu, endurheimt vistkerfa og nýskógrækt. Orku- og veitufyrirtækin hafa loftslagsmálin í forgangi, bæði í sinni starfsemi og á vettvangi Samorku. Samtökin fagna áherslu á ívilnanir en vilja hvetja stjórnvöld til að horfa til lengri tíma og þess að ekki ríki óvissa um ívilnanir. Reynslan frá þeim löndum sem lengst hafa náð í orkuskiptum í samgöngum sýnir að þetta er eitt mikilvægasta atriðið til að ná árangri – og halda árangrinum við. Í því samhengi má benda á þegar Danir minnkuðu stuðning við orkuskiptin, og sala rafbíla hrundi. Samorka leggur til að ekki séu tíma- eða fjöldamörk á ívilnunum og að horft sé til þess að endurmeta ívilnanir eftir nokkur ár, m.t.t. þess hvernig Íslandi gangi að uppfylla markmið sín gagnvart Parísarsamningnum. Ljóst er að Íslendingar eiga fjölmörg tækifæri til að nýta sína grænu orku til enn frekari orkuskipta og framleiðslu á umhverfisvænu eldsneyti sem mikilvægt er að horfa til í komandi endurreisn íslenskt efnahagslífs og til framtíðar. Mikilvægt er að tryggja aðgang að endurnýjanlegum orkuauðlindum landsins í þessu skyni.

Uppbygging grænna innviða

Samtökin lýsa ánægju sinni með áherslu á innviðauppgjöngu. Í samræmi við tillögur átakshóps ríkisstjórnarinnar um úrbætur á innviðum, sem kynntar voru 28. febrúar 2020, er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2021 til 2025 verði 500–600 m.kr. varið úr ríkissjóði í að flýta fyrir jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis raforku. Kostnaður við þessi verkefni eru hinsvegar mun meiri og mikilvægt er að verja enn frekari fjármunum í það. Traustir innviðir eru undirstaða samfélagsins, innviðir á sviði orkuflutnings og dreifingar þurfa að vera nægjanlega öflugir til að standast óveður, aukinn raforkuflutning og aðgang að aukinni orku á sem flestum stöðum á landinu til að tryggja það öryggi. Það þarf einnig að horfa til framtíðar þegar kemur að innviðauppgjöngu svo hægt verði að mæta þörfum samfélagsins í öllum landshlutum.

Samtökin lýsa sig tilbúin til að koma á fund nefndarinnar og ræða mikilvægar áherslur samtakanna. Að auki vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku



Páll Erland, framkvæmdastjóri.